



Viðstaddir

21.03.2022

Páll B. Guðmundsson	PBG	SSH
Ásthildur Helgadóttir	ÁH	Kóp
Ómar Einarsson	ÓE	Rvk
Björg Fenger	BF	G.bæ
Rósa Steingrímsdóttir	RS	Hafn
Magnús Árnason	MÁ	Skíðasvæðin
Hildigunnur Hafsteinsdóttir	HH	SSH
Freyr Brynjarsson	FB	Ferill
Jóhann T. Egilsson	JTE	Ferill
Einar K. Stefánsson	EKS	VSÓ Ráðgjöf

15239

Fundarritari

EKS / einar@vso.is

Forfallaðir

Tílefni

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur mánudaginn 21.03.22 kl. 11.00

1 Síðasta fundargerð

Fundargerð 28.02.22 samþykkt samhljóða.

2 Salerni Suðursvæði

JTE/FB kynntu tillögur að breytingum á útboðsgögnum/kröfulýsingu salerna – þar veigamest að fallið er frá kröfu um steinsteyp gólf. Hækkun verðlags/hrávöru frá síðasta útboði metið sambærilegt við ávinning vegna gengisbreytinga – kostnaðaráætlun óbreytt.

- ⇒ Ferill uppfærir útboðsgögn og sendir ásamt kostnaðaráætlun til MÁ sem fyrst.
- ⇒ ÁH og EKS munu fara yfir útboðsgögnin og senda athugasemdir til MÁ.
- ⇒ Endanleg útboðsgögn eftir ofangreinda yfirferð tekin fyrir að nýju í verkefnahópi og stefnt að útboði eins fljótt og verða má eftir rýni verkefnishóps á næsta fundi.

3 Lyftur Bláfjöll

Leyfismál.

- ⇒ Drög að starfsleyfi HeHK er í auglýsingu. Borist hafa aths/ábendingar frá ÍAV/Doppelmayr. HH/EKS munu taka saman ábendingar/óskir vinnuhóps um lagfært orðalag o.fl.
- ⇒ VSÓ útbjó lóðarblað fyrir Drottningu (toppstöð) innan Ölfus. Eftir samþykki bæjarstjórnar sendi Ölfus lóðarumsókn til Þjóðskrár. Í kjölfarið verður byggingarleyfi afgreitt.
- ⇒ VSÓ hefur óskað eftir upplýsingafundi með UST. Tilgangur að uppfylla kröfur framkvæmdaleyfis um upplýsingar þegar skerpist á hönnun og framkvæmdum. UST óskaði eftir að fresta fundi til loka mars.
- ⇒ Leyfismál í Kópavogi eru í vinnslu.
- ⇒ Doppelmayr hefur annast allt samráð við VER varðandi yfirferð/samþykki hönnunar o.fl. EKS mun taka stöðuna með VER.

Rafmagnsmál.

- ⇒ Komið er á gott samráð við Veitur um lausnir og fyrirkomulag rafmagnsmála.
- ⇒ Finna þarf lausn á hýsingu aðatöflu/dreifitöflu á Suðursvæði. EKS skilgreinir plásspörf og kannar möguleika í rýmum Doppelmayer í botnstöð eða á útvegg í viðhaldsrými (óverulegur kostnaður).
- ⇒ Ákveðið að þau verkefni sem felast í niðurlögn botnstöðvar núverandi Drottningar og um leið hýsingu spennis Veitna, töflurýmis Skíðasvæðanna og varaafli verði felld inn í væntanlegt útboð snjóframleiðslukerfa (hýst í dælu og stjórnstöðvarhúsi).
- ⇒ Neðangreind viðbótarverk frá síðasta fundi (10-15 m.kr) samþykkt.
 - Færsla háspennu undir botnstöð Drottningar
 - Endurnýjun aðaltöflu og dreifitöflu á norðursvæði
 - Endurnýjun aðaltöflu og dreifitöflu á suðursvæði

Við þetta bætist 7.5 m.kr eftirstöðvar gjalds Veitna fyrir nýja dreifistöð á Suðursvæði sem samþykkt var síðasta haust. Einnig 6 m.kr gjald Veitna vegna stækkunar heimtaugar og spennis á norðursvæði.

Rif lyfta.

- ⇒ MÁ leggur áætlun Skíðasvæðanna um niðurrifin fyrir næsta fund.

Verkstaða og reikningar.

- ⇒ Kostnaður vegna endurnýjunar aðaltafla, dreifitafla og annars búnaður er tengist framkvæmdinni verður „bókfærður“ á verkið skv. fyrirbyggjandi áætlunum þó svo að miklu leyti sé um almenna endurnýjun/rekstur að ræða. Sama gildir um landmótun, snjógirðingar, endurnýjun lýsingar o.fl. skv. fyrirbyggjandi áætlunum.
- ⇒ MÁ/EKS halda utan um þessi verkefni.

4

Skálafell

Stjórn SSH hefur samþykkt fyrir sitt leyti að keypt verði ný lyfta í Skálafell og er tillagan núna til umfjöllunar hjá aðildarsveitarfélögunum. Jafnframt að unnin verði innviðagreining á svæðinu til að ná utan um og kostnaðarmeta önnur verkefni samfara nýrri lyftu:

- Landmótun
- Rafdreifikerfi/rafmagnsmál
- Bílastæði
- Snjógirðingar
- Vatns- og fráveitu
- Leyfismál
- Samningar við landeigendur
- ⇒ EKS/MÁ huga að greiningarvinnu og kostnaðarmati.

5 Uppbygging skíðasvæðanna – endurskoðun framkvæmda/samninga

PBG kynnti tillögu að nýrri fjárfestingaáætlun uppbyggingar á skíðasvæðunum. Meginbreytingar eru að bætt er við fjármagni vegna nýrrar lyftu í Skálafelli, sem líka frestast vegna vinnu við innviðagreiningu og undirbúning. Á móti er 1. áfanga snjóframleiðslu í Bláfjöllum flýtt og ráðist í bættu aðstöðu gönguskíðafólks.

Rætt um hugsanlegar gengisvarnir.

- ⇒ EKS mun rifja upp fyrri umræðu hugsanlegt minnisblað VSÓ um málin.
- ⇒ RS mun skoða málið í samráði við fjármálastjóra ÍTR.

6 Innviðir

EKS hefur hafið vinnu við samantekt upplýsinga um innviði í Bláfjöllum. Gögn hafa fengist hjá Veitum, Verkfræðistofunni Ferli, rafvirkjum svæðanna o.fl. Verkefnið enn í vinnslu með áherslu á rafmagn sem skerpa þarf á vegna komandi lyfta.

- **Rafmagn**
Greiningarvinnu rafmagns er 95% lokið (sjá ofar). Hins vegar eru aðgengilegir cad grunnar og teikningar af lýsingu víða rangar/úreltar. Byggja þarf á munnlegum upplýsingum og uppmælingum.
- **Fráveita**
Allri fráveitu af svæðinu er safnað að einu siturlagnabeði við Bláfjallaveg vel norðan borholu og afleggjara að Eldborgarsvæðinu. Rotþrær eru innan svæðis við hvern skála.
Upplýsingar/gögn/teikningar ágætlega sannfærandi og tölvutæk, en þó vantar eitthvað inn sem afla þarf munnlega.
⇒ Stofnlögn að siturlagnabeði er of grönn (70mm) til að anna aukinni umferð á svæðinu. Mikilvægt er að fara yfir sem fyrst afkastagetu veitunnar miðað við aukna notkun og aukinnar umferðar um svæðið með tilkomu uppbyggingarinnar. Um tímaspursmál kanna að vera og því mikilvægt að horfa til málsins sem fyrst.
- **Vatnsveita**
Vatns er aflað í borholu við Bláfjallaveg neðan Eldborgargils og dælt inn um svæðið með nokkrum millidælum sem staðsettar eru í skálum. Stór forðatankur í notkun er í Bláfjallaskála og Breiðabliksskála, en líklega aflagður hjá Víkingi.
Upplýsingar/gögn/teikningar ágætlega sannfærandi og tölvutæk varðandi legu lagna, þó eitthvað vanti. Óljósari upplýsingar varðandi dælur/búnað o.þ.h þar sem ráðast þarf í munnlega gagnaöflun.
- **Fjarskipti**
Kortlagður ljósleiðari í eigu fjarskiptafyrirtækja liggur inn á svæðið og að helstu byggingum. Skíðasvæðin eru með eigið ljósleiðarakerfi sem m.a. liggur að öllum aðgangsstýringarhliðum víða á svæðinu. Mest munnlegar upplýsingar um legu og takmörkuð gögn til.

Næstu skref:

- ⇒ Ákveðið að ljúka kortlagningu og gerð cad/gis grunna. EKS mun áætla gróflega kostnað.
- ⇒ Þegar kortlagningu er lokið er mjög æskilegt að vista þær á gis grunnum og í vefsíðu, þar sem ávallt verði færðar inn nýjustu upplýsingar. Ákveðið að stefna að vistun upplýsinganna á kerfum Kópavogsbæjar – enda svæðið allt innan Kópavogs. EKS mun boða til samráðsfundar með ÁH, MÁ og Ásgeiri hjá Kópavogsbæ.

7

Næsti fundur

Næsti fundur verður boðaður miðvikudaginn 30.03 kl. 13.00

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn